

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum Kópavogsbæjar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að banna stöðu ökutækja í Hlíðarsmára frá Smárahvammsvegi fyrir akstursstefnu í austur að innkeyrslu við hús nr. 2 og frá Hólasmára fyrir akstursstefnu í vestur að Smárahvammsvegi. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að banna stöðu ökutækja í báðum botnlöngum Þrymsala eða svokölluðum „snúningshausum“. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 8. mars 2018,

Hulda Elsa Björgvinsdóttir, staðgengill lögreglustjóra.